

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 143/1371*  
*komudagur 1.4.2014*

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 1. apríl 2014

Efni: Umsögn Samiðnar um tillögu til þingsályktunar um ráðgefandi þjóðaratkvæðisgreiðslu um áframhaldandi aðildarviðræðna við Evrópusambandið.

Þingskjal 641-344. mál.

Samiðn ítrekar fyrri afstöðu sína sem fram kemur í umsögn sambandsins um þingmál 58, frá árinu 2009 „Tillaga til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu“

Í umsögninni er lögð áhersla á mikilvægi þess að sótt verði sem fyrst um aðild að ESB og niðurstaðan verði lögð fyrir þjóðina til endanlegrar afgreiðslu.

Mikilvægi þess fyrir íslenska þjóð að hún fái niðurstöðu í viðræður við ESB um aðild Íslands að sambandinu hefur síst minnkað frá því að sótt var um aðild árið 2009.

Náist ekki samkomulag á Alþingi um að halda áfram viðræðum um aðild Íslands að ESB en möguleiki sé að ná samstöðu um að fram fari ráðgefandi þjóðaratkvæðisgreiðsla og fyrir hendi sé pólitísk samstaða um að hlíta henni, telur Samiðn að það geti verið jákvætt skref. Nauðsynlegt er að slík atkvæðisgreiðsla fari fram á fyrrihluta þessa árs.

F.h. Samiðnar



Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar

